

Nr. 31/1877:

Rjettvísín

gegn

Þorsteini Ásbjarnarsyni.

Dómur.

Með eiðfestum framburði tveggja vitna fyrir rjetti, er það löglega sannað, að hinn ákærði Þorsteinn Ásbjarnarson á Bjarnastöðum í Selvogi hafi á lögregluþingi, sem sýslumaðurinn í Árnassýslu, Þorsteinn Jónsson, hjelt á heimili hins ákærða 1. dag júnímán. 1876 með hans leyfi, í barnfaðernismáli, sem höfðað hafði verið gegn honum, vaðið upp á tjeðan embættismann með skammaryrðum, án þess að sýslumaðurinn gæfi neitt tilefni til þess. Fyrir þetta afbrot er hinn ákærði fyrir aukarjetti Árnassýslu 14. júnímán. p. á. dæmdur af Hermanni sýslumanni Johnssyni, sem setudómara, til að greiða 100 kr. sekt til landssjóðs, eða sæta 30 daga einföldu fangelsi, ef öll sektin eigi er goldin í ákveðinn tíma, sem og til að borga allan kostnað af málinu, og loks eru skammaryrði þau, er hann hafði haft við sýslumanninn, dæmd ómerk; en þeim dómi er eptir ósk hins ákærða áfrýjað til yfirdómsins.

Hjeraðsdómarinn hefur rjettilega heimfært framangreint brot hins ákærða undir 102. gr. hegningarlagna, og með því hegningin virðist hæfilega tiltekin eptir öllum málavöxtum, ber að staðfesta hjeraðsrjettardóminn í heild hans. Hinum ákærða ber einnig að borga allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 12 kr. handa hvorum þeirra.

Meðferð málsins í hjeraði, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum, hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði undirrjettardómur á óraskaður að standa. Hinum ákærða Þorsteini Ásbjarnarsyni ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar, 12 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.